

Stofnanasamningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands (SMFSÍ)

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til félagsmanna í Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

2. Markmið

Aðilar samningsins eru sammála um eftirfarandi:

- Að tryggja Sinfóníuhljómsveitinni hæft og gott starfsfólk í hvetjandi starfsumhverfi.
- Að hljómsveitinni sé gert kleift að ná samfélagslegum og listrænum markmiðum sínum.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og hægt sé að taka mið af einstaklingum og auka möguleika þeirra á bættum kjörum.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og taki mið af skipulagi og sérstöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar og nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum hennar.
- Að öllum kynjum séu greidd jöfn laun og öll njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf skv. jafnlaunakerfi stofnunarinnar.

3. Röðun starfa

3.1 Almennar forsendur röðunar

Ákvörðun um röðun starfa í launaflokk tekur mið af verkefnum og skyldum sem í starfinu felast, menntun, ábyrgð, starfsreynsla og færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að gegna starfinu. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísiregla gagnvart öðru starfsfólki svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3.2 Skilgreining starfsheita

- Launakerfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands byggir á eftirfarandi starfaflokkun:
- Almennur hljóðfæraleikari (túttí).
- Uppfærslumaður (staðgengill leiðara).
- Leiðari / þriðji konsertmeistari.
- Annar konsertmeistari / leiðandi sellóleikari.
- Fyrsti konsertmeistari.

Almennur hljóðfæraleikari (túttí)

Almennur hljóðfæraleikari spilar í deild sem leidd er af leiðara eða staðgengli hans.

Túttí skal grunnraðað í launaflokk 11.

Uppfærslumaður (staðgengill)

Uppfærslumaður skal yfirtaka starfsskyldur leiðara í forföllum þess fyrrnefnda. Sjá nánar Starfsreglur Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2. júní 2021, 5. kafla.

Uppfærslumanni skal grunnraðað í launaflokk 12.

Leiðari / þriðji konsertmeistari

Um leiðara og þriðja konsertmeistara gilda skilgreiningar og starfsskyldur í samræmi við Starfsreglur Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2. júní 2021, 5. kafla.

Leiðara og þriðja konsertmeistara skal grunnraðað í launaflokk 14.

Annar konsertmeistari / leiðandi sellóleikari

Um annan konsertmeistara og leiðandi sellóleikara gilda skilgreiningar og starfsskyldur í samræmi við Starfsreglur Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2. júní 2021, 5. kafla.

Öðrum konsertmeistara og leiðandi sellóleikara skal grunnraðað í launaflokk 15.

Fyrsti konsertmeistari

Um konsertmeistara gilda skilgreiningar og starfsskyldur í samræmi við Starfsreglur Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2. júní 2021, 5. kafla.

Fyrsta konsertmeistara skal grunnraðað í launaflokk 16.

4. Persónubundnir þættir

Meta má persónu- og tímabundna þætti sem álag á launaflokk. Meta má vægi álags beggja þátta til hækkunar um allt að 8 þrep samanlagt af viðkomandi launaflokki.

Persónubundnir þættir geta snúið að viðbótarmenntun sem nýtist í starfi, aukinni starfsreynslu og hæfileikum til að leika á fleiri en eitt hljóðfæri.

4.1 Starfsreynsla

Hljóðfæraleikari sem hefur störf hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands byrjar í launaprepi 0. Hljóðfæraleikari færast upp um eitt álagsþrep við ótímabundna ráðningu og er þá í launaprepi 1. Hljóðfæraleikari á tímabundnum ráðningarsamningi færast upp um eitt álagsþrep þegar samanlögð starfsreynsla á samningi nær einu ári.

Meta skal starfsreynslu sem hér segir:

- Hljóðfæraleikari sem leikið hefur með SÍ í meira en 2 ár fái eitt álagsþrep og er þá í launaprepi 2.
Hljóðfæraleikari sem leikið hefur með SÍ í meira en 4 ár fái eitt álagsþrep og er þá í launaprepi 3.
- Hljóðfæraleikari sem leikið hefur með SÍ í meira en 6 ár fái eitt álagsþrep og er þá í launaprepi 4.
- Hljóðfæraleikari sem leikið hefur með SÍ í meira en 8 ár fái eitt álagsþrep og er þá í launaprepi 5.
- Hljóðfæraleikari sem leikið hefur með SÍ í meira en 12 ár fái eitt álagsþrep og er þá í launaprepi 6.

Starfsreynsla hljóðfæraleikara utan SÍ skal metin til launaprepa hafi viðkomandi skilað inn fullnægjandi gögnum um starfsreynslu sína. Komi upp álitamál skal leita álitagsráðs Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

4.2 Aukahljóðfæri

Fyrir leik á aukahljóðfæri greiðist aukalega 1/3 yfirvinnustund fyrir hverja klukkustund. Aukahljóðfæri telst það hljóðfæri sem hljómsveitarmaður er fenginn til að leika á og ekki er getið um í ráðningarsamningi hans.

5. Tímabundnir þættir

Starfsmaður sem tekur að sér tímabundið viðbótarálag og/eða álag án þess að grunnverksviði hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum sé fækkað skal fá álagsgreiðslur vegna slíkra aukaverkefna. Ákvörðun um tímabundið álag skal tekin af yfirmanni í samráði við starfsmann.

5.1 Fræðslustarf og fundarseta

Hljóðfæraleikarar taka þátt í fræðslu- og kynningarstarfi hljómsveitarinnar í stærri eða minni hópum. Undir fræðslustarf falla m.a. störf við Ungsveit Sí, Barnastund Sí og verkefni í skólum sem falla utan vinnuskyldu. Fyrir þetta er greidd yfirvinna. Fyrir Barnastund eru greiddir fjórir yfirvinnutímar. Innan þess tíma er heimilt að halda æfingu og tvær Barnastundir.

Einnig er greidd yfirvinna í tengslum við hæfnispróf og dómnefndarfundi. Þóknun er greidd fyrir fagráðsfundi og er þóknun ákveðin af stjórn Sí.

6. Vinnutími

6.1 Um vinnuskyldu hljómsveitarmanna

- 6.1.1 Vinnuskylda hljómsveitarmanna skal leyst af hendi með æfingum, tónlistarflutningi og með hljóðritunum, s.s. upptöku geisladiska eða hljóðritunum fyrir útvarp svo sem fram kemur í miðlæga kjarasamningnum.
- 6.1.2 Fyrir fræðslu- og markaðsstarf sem og heimsóknir á sjúkrastofnanir o.þ.h. er heimilt að skipta hljómsveitinni upp í minni hópa sem leika á ólíkum stöðum og tímum, allt niður í átta hljóðfæraleikara. Heimilt er, með samþykki viðkomandi hljóðfæraleikara, að hljóðfæraleikarar séu færri eða allt að fjórum hljóðfæraleikurum. Þetta er heimilt í allt að 20 þjónustur á hverju starfsári.
- 6.1.3 Tónleikar í samvinnu við aðrar listastofnanir eru heimilir í allt að þrjár vikur á hverju starfsári, enda hafi verkefnin verið samþykkt af þjónustunefnd sbr. gr. 10.1.1.

6.2 Nánar um vinnuskyldu

- 6.2.1 Mánaðarleg vinnuskylda eru 27 þjónustueiningar að jafnaði sem jafngilda 6,2 þjónustum á viku. Hver þjónusta reiknast sem 4,0 klst. þar sem talin er 0,5 klst. vegna undirbúnings enda skulu hljómsveitarmenn vera komnir á vinnustað eigi síðar en 15 mínútum áður en æfing eða tónleikar hefjast. Þá reiknast 15,3 klst. á viku sem heimavinna hljóðfæraleikara til viðhalds menntunar og færni og undirbúnings fyrir æfingar og tónleika.
- 6.2.2 Vinnuskyldu sína inna hljóðfæraleikarar af hendi frá mánudegi til föstudags auk tiltekinna laugardaga sbr.gr. 6.3.4. í stofnanasamningi þessum. Í sérstökum tilvikum er heimilt að kalla hljómsveitina til starfa á sunnudögum. Heimilt er framkvæmdastjóra að flytja þjónustu innan sex vikna tímabils og kallast það tímabil ein þjónustublokk. Ein þjónustublokk má þó ekki innihalda fleiri en 38 þjónustur, nema gegn greiðslu yfirvinnu sbr. gr. 1.5.1 í kjarasamningi. Þær takmarkanir eru á flutningi þjónusta milli vikna að ekki er heimilt að setja í

vinnuáætlun fleiri en 9 þjónustur á viku innan vinnuskyldunnar. Þær vikur skulu aldrei vera samhliða og á þremur samhliða vikum skulu ekki vera fleiri en 23 þjónustur. Ekki skal boða til æfingar á mánudagsmorgni eftir 9 þjónustu viku. Um útreikning á vinnuskyldu vegna sérstakra frídaga, umsamdra fría og ferðalaga vísast til fylgiskjals 1. með miðlæga kjarasamningnum.

- 6.2.3 Í þjónustukerfi er enginn greinarmunur gerður á æfingum, hljóðritunum, tónleikum eða öðrum þeim atburðum sem hljómsveitin vinnur að fyrir utan að greitt er álag fyrir þjónustur sem eru um kvöld og helgar í samræmi við gr. 1.6. í kjarasamningi. Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en þrennir tónleikar á viku. Fjórum sinnum á hverju starfsári eru heimilar undantekningar frá þessu.
- 6.2.4 Ekki er gerður greinarmunur á virkum dögum og laugar- og sunnudögum á tónleikaferðum í útlöndum sbr. gr. 5.2.6 í kjarasamningi. Álagsgreiðslur vegna tónleika á tónleikaferðum erlendis eru því 33,33% af dagvinnukaupi (vaktaálag 1).

6.3 Um æfingar, hljóðritanir og tónleika

- 6.3.1 Heimilt er að boða til þjónustu á eftirfarandi tímum:
- Mánudaga – föstudaga kl. 09:30 – 13:00 (að öðru jöfnu hefur þessi tími forgang).
 - Mánudags-, fimmtudags- og föstudagskvöld kl. 18:30 – 23:00.
 - Þriðjudaga kl. 14:00-18:00. Ef um tvær þjónustur ræðir sama daginn, skal samanlagður tími þeirra ekki fara yfir 4 ½ tíma.
 - Laugardaga kl. 12:30 – 19:30 og tvisvar á ári kl. 09:30 – 13:00 sbr. gr. 6.3.4.
 - Ef um það verður samkomulag í þjónustunefnd má færa til eftirmiðdags- og kvöldþjónustur og laugardagsþjónustur á sunnudag sbr. gr. 6.3.4 í stofnanasamningi.
 - Hver þjónusta skal ekki vera lengri en 3 klst. nema um tónleika sé að ræða sbr. 6.5.1.
- 6.3.2 Ekki er heimilt af hafa fleiri en tvær þjónustur á dag með lágmarks 90 mínútna hléi á milli. Skal samanlagður tími þessa tveggja þjónusta ekki vera lengri en 5 ½ klst. Þó er heimilt tvisvar á starfsári að hafa þrjár þjónustur sama daginn, skulu þær samtals ekki vera lengri en 8 klst. Hámarksæfingatími á tónleikadegi er 3,0 klst. Óheimilt er að boða til yfirvinnu þegar tvær eða þrjár þjónustur eru sama dag. Heimilt er að hafa 60 mínútna hlé á milli tónleika sem eru innan við klukkustund að lengd.
- 6.3.3 Heimilt er að hafa þjónustur kl. 09:00 – 23:00 í átta vikur á hverju starfsári í samráði við þjónustunefnd. Kallast þessar vikur „opnar vikur“. Á ekki við þegar um endurtekna tónleika ræðir.
- 6.3.4 Heimilt er að nýta 11 laugardaga á hverju starfsári. Heimilt er að færa þjónustu yfir á sunnudag vegna tónleika og reiknast hún sem tvöföld laugardagsþjónusta. Laugardagar sem greiddir eru í yfirvinnu eru ekki hluti af þessari talningu. Sunnudagsþjónustu þarf að boða með átta vikna fyrirvara.
- 6.3.5 Heimilt er framkvæmdastjóra að boða til fundar með starfsfólki utan vinnuskyldu sé ekki hægt að koma því við innan vinnuskyldunnar. Sama gildir um heimild til að boða einstaka hljóðfæraleikara til starfsmannaviðtals, en stefnt er að því að það verði gert einu sinni á hverju starfsári.

6.4 Æfingahlé

Í hverri þjónustu skal gera eftirtalin hlé:

- Taki æfing 2,5 klst. skal vera 20 mínútna hlé.
- Taki æfing 3,0 klst. skal vera 25 mínútna hlé.
- Taki æfing 3,5 klst. skal vera 30 mínútna hlé sem má skipta í tvennt.

Enginn hluti æfingar skal vera lengri en 90 mínútur án hlés nema ráðgert sé að æfing standi ekki lengur en 100 mínútur. Heimilt er að gera undantekningu frá þessu ef fyrir því eru mikilvægar listrænar ástæður og skal ákvörðun um slíkt tekin í samráði við þjónustunefnd SMFSÍ.

6.5 Tónleikar og mánaðarleg starfsáætlun

- 6.5.1 Lengd tónleika reiknast sem 4,0 klst. Tónleikar reiknast ekki lengri þótt þeir í einstaka tilfellum fari fram úr þeim tíma vegna aukánúmers, klapps o.s.frv. Sé raunverulegur spilatími lengri en 3,5 klst. getur framkvæmdastjóri ákveðið hvort greiða beri yfirvinnu fyrir þann tíma sem umfram fer eða reikna tónleikana sem tvær eða fleiri þjónustueiningar.
- 6.5.2 Mánaðarleg starfsáætlun hljómsveitarinnar skal liggja fyrir með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þjónustunefnd fjallar um starfsáætlun áður en hún er gefin út.
- 6.5.3 Allar breytingar á vinnutilhögun skulu tilkynntar hljómsveitinni með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ef breytinga er þörf vegna óviðráðanlegra aðstæðna með styttri fyrirvara, skal taka ákvörðun um þær í samráði við þjónustunefnd.

6.6 Útgáfa á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands

- 6.6.1 Hljóðfæraleikurum ber skylda til að taka þátt í hljóðritunum til útgáfu, sbr. gr. 2.1.1 í kjarasamningi, eftir ákvörðun stjórnar hljómsveitarinnar. Slíkar hljóðritanir geta verið allt að fimm á ári án þess að fyrir komi sérstakar greiðslur enda fari hljóðritanir fram innan vinnuskyldu hljóðfæraleikara. Með einni hljóðritun er átt við upptekið efni á einn heilan hljómdisk eða aðra miðla.
- 6.6.2 Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur allan rétt til að framleiða og gefa út tónlist flutta af hljómsveitinni og annað það sem tæknilega mögulegt er á þessu sviði hverju sinni.
- 6.6.3 Þessi grein skerðir ekki annan rétt Sinfóníuhljómsveitarinnar til hljóðritana, s.s. fyrir útvarp og sjónvarp.
- 6.6.4 Grein 6.6 skerðir ekki rétt SÍ til útgáfu hljóðrita, myndrita og annarrar rafrænnar miðlunar sem samið er um milli annars vegar FÍH og SMFSÍ og hins vegar SÍ.

7. Endurgreiðsla vegna kaupa á nótnagleraugum

Hljóðfæraleikarar geta sótt um endurgreiðslu allt að 40.000 kr. annað hvert ár vegna kaupa á nótnagleraugum til notkunar á sviði gegn framvísun kvittunar tengdri nótnagleraugnakaupunum.

8. Skipting þjónusta

Heimilt er að skipta einni þjónustu niður í skemmri tónleika með sömu efnisskrá svo framarlega að viðburður vari ekki lengur en 1,0 klst. Á móti kemur að hljóðfæraleikarar verða ekki boðaðir til vinnu í dymbilviku og ekki frá 21. desember til 2. janúar. Færa má þessa daga til um einn eða tvo daga ef þannig stendur á vikudögum.

9. Gildistími

Stofnanasamningur þessi tekur gildi 01.01.24. Skal hann endurskoðaður ef annar hvor aðili óskar þess.

Reykjavík, 25.01.24

F.h. Sinfóníuhljómsveitar Íslands

F.h. Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lára Sóley Jóhannsdóttir

Sigurður Bjarki Gunnarsson

Emil Friðfinnsson

Bókun 1

Samhliða undirritun stofnanasamnings þessa, undirrita aðilar samkomulag vegna samstarfsverkefnis Sí og Deutsche Grammophon.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að rýna þá möguleika sem upp kunna að koma varðandi nýtingu þjónustukerfis fyrir sértæk verkefni einstaklinga sem með skýrum hætti og efla starfsþróun viðkomandi og hafa mikla þýðingu fyrir stofnunina.